

63. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 05.02.2013

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Óskar Ingi Sigurðsson, Helgi Stefánsson og Guðmundur Geirsson.

Fundarefni.

Svör send 24. janúar 2013 hverfisnefnd við ýmsum erindum hennar. Bergur Þorri Benjamínsson fulltrúi undirritar þessi svör fyrir hönd framkvæmdardeildar.

1) Skilti vegna undirganga við Hörgárbraut

Á verkefnafundi framkvæmdardeildar þann 18. janúar 2013 var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Hverfisnefnd Holta og Hlíðahverfis sem hafði verið áframsent á Vegagerðina enda undirgöngin á þeirra forræði. Vegagerðin sá sér ekki fært að setja merkingar upp við undirgöngin og vísuðu á Akureyrarbæ.

Akureyrarbær hefur ákveðið að gefa vegagerðinni umræddar merkingar og setur þær upp við fyrsta tækifæri.

Hverfisnefndarmenn mjög ánægðir með þessi málalok.

2) Göngustígur meðfram Glerá

Á verkefnafundi framkvæmdardeildar þann 18. janúar 2013 var gerð eftirfarandi bókun:

Endurnýjað erindi frá Hverfisnefnd Holta og Hlíðahverfis þess efnis að gönguleið meðfram Glerá sé hættuleg.

*Framkvæmdadeild þakkar ábendinguna og biðst afsökunar á hversu seint erindinu er svarað.
Framkvæmdadeild skoðar merkingar á svæðinu til að vara við slysaþættu.*

Fundarmönnum i hverfisnefnd finnst sem erindið hafi verið misskilið. Það sem vakti fyrir nefndarmönnum með þessu erindi var að fá stíginn endurnýjaðan en ekki fá merkingar um hve hættulegur hann er!

3) Göngubrú yfir Glerá.

Á verkefnafundi framkvæmdardeildar þann 18. janúar 2013 var gerð eftirfarandi bókun:

Endurnýjað erindi frá Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis þess efnis að göngubrú yfir Glerá þurfi lagfæringu enda sé hún hættuleg í núverandi ástandi.

*Framkvæmdadeild þakkar ábendinguna og biðst afsökunar á hversu seint erindinu er svarað.
Málið er til frekari skoðunar.*

Hverfisnefndarmenn ánægðir með að svar hafi loks borist við erindinu og fylgjast með framvindu mála.

Deiliskipulag.

Nefndarmenn hafa verið að velta fyrir sér ýmsum hlutum varðandi aðalfund og þ.á.m. deiliskipulagsmálum í hverfinu. Í viðtalstíma bæjarfulltrúa í Glerárskóla 10. janúar síðastliðinn voru þessi mál rædd meðal annars.

Svar barst við fyrirspurn okkar varðandi málið frá Stefaníu Sigmundsdóttir f.h. skipulagsstjóra 24. janúar síðastliðinn svohljóðandi:

„Deiliskipulag suðurhluta Hlíðahverfis og deiliskipulag Stórhólts og Lyngholts var nýlega samþykkt. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um deiliskipulagningu annarra svæða innan hverfisins á þessari stundu en markmið skipulagsnefndar og skipulagsdeildar er að öll hverfi bæjarins verði deiliskipulögð.

Skipulagsstjóri er alltaf tilbúinn til skrafs og ráðagerða um skipulagsmálefni hverfa bæjarins ef óskað er eftir því.

Aðalfundur hverfisnefndar.

Verður miðvikudaginn 3. apríl 2013 klukkan 20:00. Ræddu nefndarmenn ýmis atriði varðandi fundinn s.s. lengd á fundi, erindi, kaffiveitingar og flr. Nánar rætt á næsta fundi.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 5. mars 2013 kl. 18:00 í Glerárskóla.
Ritað 5. febrúar 2013
Brynja